



# *Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar*

---



**Árskýrsla 2012**

## Efnisyfirlit

|                                                                     |    |
|---------------------------------------------------------------------|----|
| Starfsemi .....                                                     | 3  |
| Skráningarmál .....                                                 | 3  |
| Fyrirspurnir og heimsóknir til safnsins.....                        | 3  |
| Alþjóðlegi skjaladagurinn 9. júlí.....                              | 4  |
| Norrænn skjaladagur í nóvember 2012 .....                           | 4  |
| Átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða .....                        | 4  |
| Á ferð og flugi.....                                                | 6  |
| Ráðstefna Héraðsskjalasafna á Akureyri.....                         | 6  |
| Ráðstefna Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasafns .....                 | 7  |
| Afhendingar .....                                                   | 8  |
| Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2012 ..... | 8  |
| Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar .....               | 11 |
| Yfirlit fyrir árið 2012 .....                                       | 11 |

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar maí 2013  
Umbrot og hönnun: Birna Mjöll Sigurðardóttir

*Öll réttindi áskilin.  
Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið*

Ljósmyndir á forsiðu: Þrjár myndir af Birni Bjarnarsyni bónda og hreppstjóra í Grafarholti Mosfellssveit.

Fyrsta myndin er tekin árið 1881 þegar Björn var 25 ára, næsta árið 1931 er hann var 75 ára og sú síðasta er tekin árið 1941 er hann var 85 ára. Ljósmyndarar óþekktir.  
© Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

## Starfsemi

### Skráningarmál


Á árinu var haldið áfram við að endurraða safninu í geymslunum og merkja kassana með ítarlegri vísbendingum um efni hvers kassa. Þá var tölvuskráningin í FileMaker athuguð á söfnum sem eiga að teljast skráð. Því miður var skráning í mörgum tilvikum ekki í lagi og þyrfti að fara yfir alla skráningu aftur, ef vel ætti að vera. Þá kom einnig í ljós að meira er af óskráðum gögnum innan um skráð en áður var haldið, en talsvert hefur safnast upp af óskráðu og ófrágengnu efni frá stofnun safnsins. En eins og áður kom fram er skráning nauðsynleg til þess að safnið nýtist sem skyldi og verði aðgengilegt almenningi.

### Fyrirspurnir og heimsóknir til safnsins

Skráning á tölfraði er komin í endanlegt horf. Skráð er fyrirspurnaraðili, frá hvaða tíma skjölin eru, efnislýsing fyrirspurnar og árangur leitar. Þá eru einnig skráðar niður athugasemdir og villur í skráningu skjalanna ef slíkt uppgötvast við leit í safninu.

Fyrirspurnir til safnsins voru alls 68 af ýmsum toga, sumar fljótt afgreiddar, aðrar kröfðust mikils tíma og leitar en eins og gefur að skilja er fljótlegt að leita í safni sem er vel skráð og skipulagt en mjög tímafrekt og stundum ógerlegt að leita í safni sem er illa skráð og sumt jafnvel algjörlega óskráð.

Þá voru heimsóknir til safnsins alls 151.



Úr einkaskjalasafni Helgu Bjömsdóttur og Hreiðars Gottskálkssonar.

## Alþjóðlegi skjaladagurinn 9. júlí

Alþjóðlegi skjaladagurinn er haldinn hátíðlegur 9. júní þar sem skjalasöfn um allan heim taka þátt í með einum eða öðrum hætti. Á þessum degi er vakin athygli á mikilvægi starfs skjalasafna og mikilvægi þess að skjöl varðveitist með tryggilegum hætti.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar var með opið hús föstudaginn 8. júní í tilefni af alþjóðlega skjaladeginum og bauð gestum upp á kaffi og meðlæti. Um 20 gestir litu inn, skoðuðu og fræddust um safnið.

## Norrænn skjaladagur í nóvember 2012

Norrænn skjaladagur er ár hvert haldinn hátíðlegur af skjalasöfnum á öllum Norðurlöndunum, á Íslandi er hann haldinn af Þjóðskjalasafni Íslands og héraðsskjalasöfnum.

Skjaladagurinn í ár hét Hve glöð er vor æska og var helgaður íþrótt- og æskulýðsstarfi á 20 öld.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar sendi inn tvær greinar til vefsins <http://skjaladagur.is/>, önnur fjallaði um íþróttamótabók Aftureldingar en hin greinin um íþróttaskólann á Álafossi.

## Átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða

Á árinu 2012 var farið í samstarf við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) varðandi söfnun á gögnum íþróttafélaga í landinu í tilefni af 100 ára afmæli sambandsins. Boðað var til blaðamannafundar þann 18. apríl 2012 á Borgarskjalasafni þar sem verkefninu var formlega ýtt úr vör.

Skjalasöfn íþróttafélaganna eru frumheimildir og vitnisburður um starfsemi þeirra, hugsjónir, baráttuna, töp og glæsta sigra, dugnað og elju einstakra




Á blaðamannafundi er haldinn var um átakið í Borgarskjalasafni Reykjavíkur 18. apríl 2012. F.v. Þorsteinn Tryggvi Mátsson héraðsskjalavörður Árnesinga, Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar, Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður Reykjavíkur, Ólafur Rafnsson formaður Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs og Örn Andrésson formaður afmælisnefndar ÍSí.

Sjá má á borðinu járn- og trékassann utan um mótabók Ungmennafélaganna Aftureldingar og Drengs.

einstaklinga við uppbyggingu félaganna, oft í ólaunuðu sjálfboðaliðastarfi.

Hjá íþróttafélögum á Íslandi eru varðveitt margs konar skjöl og skjalleg gögn sem veita innsýn í starfsemi þeirra á liðnum árum og eru þar með mikilvægur sögulegur vitnisburður sem nýtist m.a. vel á tímamótum.

Íþóttafélögin í Mosfellsbæ hafa almennt ekki afhent gögn sín til safnsins. Einungis tvær afhendingar hafa komið, báðar frá Ungmennafélaginu Aftureldingu. Engin afhending hefur borist á meðan á áttakinu stendur en vitað er um tvö félög sem eru að undirbúa afhendingu, það er Hestamannafélagið Hörður og Golfklúbburinn Kjölur.



Úr íþróttamótabók Ungmennafélaganna Aftureldingar og Drengs

Afhendingarnar sem hafa borist frá Aftureldingu eru eftirfarandi:

Ungmennafélagið Afturelding, stofnað 11. apríl 1909.

Afhending frá 2002, gögn frá árunum 1909-2007.

Afhendingaraðili óþekktur. Afhendingin er 2,18 hillumetrar.

Fundargerðir stjórnar og ýmissa deilda (33 bækur) 1909-2007

Bréfasafn 1912-1987

Mót (mótaskrár og úrslit) 1918-1985

Bókhald (Ársreikningar, sjóðsbækur o.fl.) 1914-1992

Ársskýrslur 1942-1988

Eigin útgáfa (Dagrenningur, fréttabréf, leikrit, fræðsluefni o.fl.) 1914-1987

Efni frá öðrum aðilum (UMSK, UMFÍ, KSÍ o.fl.) 1950-1992

Ljósmyndir

Afhending frá 2009, gögn frá árunum 1911-2059. Afhendingaraðili Hlynur Chadwick Guðmundsson. Afhendingin er 1,20 hillumetrar.

Fundargerðir (3 bækur) 1931-1989

Bréf 1929-2059

Mót (mótaskrár og úrslit) 1995-2010

Ársskýrslur 2000-2001

Eigin útgáfa (Dagrenningur, fréttabréf, fræðsluefni o.fl.) 1911-2003

Ljósmyndir

Í Mosfellsbæ starfa eða hafa starfað 12 íþróttafélög eða stofnanir, þær eru: *Golfklúbbur Bakkakots, stofnaður 15. júní 1991*

*Golfklúbburinn Kjölur, GKJ, stofnaður 7. desember 1980*

*Hestamannafélagið Adam, stofnað 8. febrúar 2007*

*Hestamannafélagið Hörður, stofnað 22. febrúar 1950*

*Hvíti Riddarinn, félag eldri knattspyrnumanna, stofnaður 13. janúar 1998, fyrst skráð hjá ÍSí og KSÍ 27. janúar 2004, gekk inn í Aftureldingu 14. ágúst 2008.*

*Íþróttafélagið Gáski, Skálatúni, stofnað 10. júní 1982.*

*Jumboys, félag eldri handboltamanna, stofnað 2007.*

*Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar, stofnað 13. desember 2009*

*Mótormos, Vélhjólaklúbbur Mosfellsbæjar, stofnaður um 2000*

*Umfus, Ungmennafélagið ungir sveinar, 30.12.1998*

*Ungmennafélagið Afturelding, stofnað 11. apríl 1909*

*Íþróttaskólinn á Álafossi, stofnað 1928 lagðist af 1940*

## Á ferð og flugi

### Ráðstefna Héraðsskjalasafna á Akureyri

Á hverju hausti er haldin ráðstefna á vegum Félags héraðsskjalavarða. Markmið þessarar ráðstefnu er að þjappa saman skjalavörslu-aðilum sem eru dreifðir um allt land, kynna hvað er helst á döfinni og leiðbeina. Að þessu sinni var ráðstefnan haldin á Akureyri dagana 27. og 28. september á vegum Héraðsskjalasafns Akureyrar og fór fram í Rósenborg, Skólastíg 2 á Akureyri, hús sem hýsir margvíslega samfélags- og ungmennastarfsemi.

Fyrirlestrar voru fjölmargir. Helstu viðfangsefni voru:

Skjalavarsla grunnskóla – skjalavistunaráætlanir, tilgangur og markmið.

Ljósmyndir á héraðsskjalasöfnum – skönnun og skráning.

Aðfangabækur héraðsskjalasafna.

Átaksverkefni ÍSí og héraðsskjalasafna.

Átaksverkefnið um sóknarnefndir – hver er staðan?

Rannsóknir á héraðsskjalasöfnum – staða héraðsskjalasafna í fræðasamfélaginu.



Héraðsskjalaverðir og aðrir starfsmenn fyrir utan Héraðsskjalasafn Akureyrar.



Svanhildur, Birna og Rósa.

Málalyklar sveitarfélaga – staðan á landsvísu.

Lög um opinber skjalasöfn.

Ríkisframlag til héraðsskjalasafna.

Skráning lítilla/einfaldra skjalasafna skv. ISARD-G.

Einföld og fljótleg skráning.

Skjalavistunaráætlun og málalyklar

héraðsskjalasafna – sýnum gott fordæmi!

Rafræn skjalavarsla sveitarfélaga – staða og framtíð.

Grisjun – reglur um grisjun, heimildir o.fl.

Sértekjur – verðskrár og gjaldtökuheimildir

Um kvöldið var hópnum boðið í skoðunarferð um menningarhúsið Hof og þar síðan snæddur kvöldverður.

## Ráðstefna Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasafns

Hinn 8. október 2012 var haldinn ráðstefna Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafnanna í húsnæði ÞÍ við Laugarveg 162. Fjallað var um: Niðurstöður könnunar ÞÍ varðandi varðveislu einkaskjalasafna á Íslandi.

Frumvarp til laga um opinber skjalasöfn og upplýsingalög.

Niðurstöður um heimsókn ÞÍ til héraðsskjalasafnanna á árunum 2010-2012.

Norræni skjaladagurinn / Alþjóðlegi skjaladagurinn.

Ríkisframlag til héraðsskjalasafnanna.

Sameiginleg rafræn skjalaskrá / APEX-verkefnið.

Tölfræði fyrir skjalasöfnin.

Endurskoðun reglna um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingaskyldra aðila.



Frá fundarsal Þjóðskjalasafns Íslands

## Afhendingar

Afhendingar á árinu 2012 voru 25 talsins. Helstu afhendingarnar voru t.a.m vinnugögn frá Magnúsi Guðmundssyni eftir ritun Dagrennings, aldarsögu Ungmennafélagsins Aftureldingar. Frá Magnúsi komu einnig gögn frá fornleifauppgreftirnum á Hrísbú. Þá skilaði Tónlistaskóli Mosfellsbæjar gögnum frá upphafi stofnunar skólans.

Salóme Þorkelsdóttir kom með hluta úr sínu safni, þ.e. jólakort sem hún hefur safnað frá upphafi starfsferils síns á Alþingi en skv. upplýsingum frá henni á töluvert af gögnum eftir að skila sér til safnsins.

Auk þessa voru smærri afhendingar frá einstaklingum og stök skjöl frá bæjarskrifstofunum, sem tengjast eldra safni.

## Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2012

| Aðfanganúmer | Innihald                                                                                                                                                                                                                                          | Afhendingaraðili                      | Dags. afhén. |
|--------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------|--------------|
| 2012 / 01    | Þrír CD diskar með efni frá Mosfellskum tónlistarfólki:<br>Karlakórinn Stefnir, ódagsett<br>í Mosfellsbæ, frá 1998<br>Barnakór Varmárskóla, frá 1999<br>Tvö spjöld vegna reisingu minnisvarða sem þakklætisvott til finnsku þjóðarinnar, frá 1977 | Helga Jónsdóttir                      | 18.1.2012    |
| 2012 / 02    | Gögn frá Veiðifélagi Leirvogsár                                                                                                                                                                                                                   | Guðmundur Magnússon frá Leirvogstungu | 9.3.2012     |
| 2012 / 03    | Landamerkjabréf jarðarinnar Minna-Mosfell dags. 23.júní 1924.<br>Skjal úr vörslu Steinars Guðmundssonar frá Minna-Mosfelli.                                                                                                                       | Magnús Steinarsson                    | 13.3.2012    |
| 2012 / 04    | Doktorsritgerð eftir Davide Marco Zori um fornleifauppgreftir á Hrísbú. Gefin út árið 2010                                                                                                                                                        | Björn Þráinn Þórðarson                | 13.3.2012    |
| 2012 / 05    | Apríl - Greinar, ritgerðir og ræður Hauks Þórðarsonar yfirlæknis á Reykjalundi.<br>Júlí - Einkunnir, bréf, greinar, skirteini, ljósmyndir o.fl. frá Hauki Þórðarsyni lækni                                                                        | María Guðmundsdóttir                  | 20.4.2012    |
| 2012 / 06    | Mosfellingur tölublöð frá árunum 2005-2010                                                                                                                                                                                                        | Hilmar Gunnarsson                     | 23.4.2012    |
| 2012 / 07    | Reikningar, 2 blöð frá knattspyrnudeildinni og áritunarbók handboltaliðs Aftureldingar                                                                                                                                                            | Sveingerður Hjartardóttir             | 24.4.2012    |

|           |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |                                    |            |
|-----------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|------------|
| 2012 / 08 | Samþykktar teikningar af húsunum:<br>Brúarland<br>Bugðufliót 19 (Ístak)<br>Dalland 123625<br>Gerplustræti 25-27<br>Háholt 13-15<br>Háholt 35 (Framhaldsskóli Mosfellsbæjar)<br>Hraðastaðavegur 9<br>Kvísartunga 6<br>Langitangi 2a (Hjúkrunarheimili)<br>Leirvogstunga 29<br>Litlikriki 1<br>Litlikriki 2<br>Litlikriki 44-50<br>Litlikriki 58<br>Litlikriki 60-66 | Ásbjörn Þorvarðarson               | 11.5.2012  |
| 2012 / 09 | Afrit af öllum örnefnaskrár sem til eru á<br>Örnefndadeild Árnastofnunar, um Mosfellsbæ.<br>Rafrænar skrár.                                                                                                                                                                                                                                                        | Hrefna Sigríður<br>Bjartmarsdóttir | 11.5.2012  |
| 2012 / 10 | 4 ljósmyndir í gyltum römmum og 1 stök ljósmynd<br>ekki í ramma.<br>Myndirnar af sveitarstjórnarmönnum að störfum.                                                                                                                                                                                                                                                 | Stefán Ómar Jónsson                | 6.6.2012   |
| 2012 / 11 | Ljósmynd frá Eyjólf Magnúsi Scheving. Myndin<br>sýnir nokkra unga menn sem voru með<br>skemmtiatriði á 17. júní 1966.                                                                                                                                                                                                                                              | Stefán Ómar Jónsson                | 8.8.2012   |
| 2012 / 12 | Tvær fundargerðarbækur Hreiðurs hf.<br>Sú fyrri frá 18.mars 1983 til 6. október 1987.<br>Sú seinni frá 23. september 1987 til 11. apríl 1989                                                                                                                                                                                                                       | Helga Lára Hólm                    | 26.9.2012  |
| 2012 / 13 | Bók um leikfimiæfingar (Gymnastik) frá Lárusi<br>Halldórssyni skólastjóra Brúarlandsskóla                                                                                                                                                                                                                                                                          | Helga Jónsdóttir                   | 10.10.2012 |
| 2012 / 14 | Gögn frá Norræna félaginu í Mosfellsbæ.<br>Borðfáni frá Kíwanisklúbnum í Mosfellsbæ.<br>Loftmynd af Mosfellsbæ frá 2002                                                                                                                                                                                                                                            | Helga Jónsdóttir                   | 10.10.2012 |
| 2012 / 15 | Gögn frá Kvenfélagi Lágafellssóknar                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                | Helga Jónsdóttir                   | 10.10.2012 |
| 2012 / 16 | Fundargerðir undirbúningsnefndar vegna vígslu<br>Hlégarðs 1951.                                                                                                                                                                                                                                                                                                    | Helga Jónsdóttir                   | 10.10.2012 |
| 2012 / 17 | Ljósmyndir frá Sigvalda Val Sturlaugssyni                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | Helga Jónsdóttir                   | 10.10.2012 |
| 2012 / 18 | Þrjár ljósmyndir og skjöl frá Lárusi Halldórssyni<br>skólastjóra og konu hans Kristínu Magnúsdóttur.                                                                                                                                                                                                                                                               | Helga Jónsdóttir                   | 10.10.2012 |
| 2012 / 19 | Dagskrá Þjóðhátíðar lýðveldisstofnunar á<br>Þingvöllum árið 1944                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | Helga Jónsdóttir                   | 10.10.2012 |
| 2012 / 20 | Gögn frá Sósíalístafélagi Mosfellssveitar                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | Helga Jónsdóttir                   | 10.10.2012 |
| 2012 / 21 | Fjórar bækur um Sigurjón Pétursson og<br>verksmiðjuna á Álafossi. Skrifaðar af Péttri<br>Sigurjónssyni                                                                                                                                                                                                                                                             | Pétur Sigurjónsson                 | 22.10.2012 |
| 2012 / 22 | Fjórar ljósmyndir úr Hlégarði<br>Ljóð frá Láru Skúladóttur sem hún flutti til heiðurs<br>Halldóri Laxnes (skrifað með hennar hendi og<br>vélritað).<br>Bæklingur frá niðjamóti sem haldið var á Mosfelli<br>24.5.2008.                                                                                                                                             | Marta María Hálfánardóttir         | 25.10.2012 |
| 2012 / 23 | Gögn frá Álafossskórnum, nótur, upptökur,<br>ljósmyndir, úrklippurbækur, uppskriftabækur o.fl.                                                                                                                                                                                                                                                                     | Kristbjörg Magnúsdóttir            | 26.10.2012 |
| 2012 / 24 | Sálmaskrá frá jarðaför Auðar Sveinsdóttur<br>Laxness                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | Haraldur Sverrisson                | 7.11.2012  |

|           |                                                                                                                 |                                                         |            |
|-----------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------|------------|
| 2012 / 25 | Minningargrein úr blaðinu NT, um Eirík E. F. Guðmundsson bónda í Meltúni Mosfellssveit, dagsett 31. ágúst 1985. | Ólöf Örnólfsdóttir                                      | 10.12.2012 |
| 2012 / 26 | Bréf                                                                                                            | Helgi Kristjánsson<br>framkvæmdarstjóri<br>Reykjalundar | 31.12.2012 |

## Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar

### Yfirlit fyrir árið 2012

|                                 |                      |
|---------------------------------|----------------------|
| Tekjur Mosfellsbær              | 5.999.352 kr.        |
| Styrkur frá ríkinu              | <u>215.001 kr.</u>   |
|                                 | <u>6.214.353 kr.</u> |
| Launakostnaður                  | 2.824.279 kr.        |
| Húsaleiga/hússjóður             | 3.000.405 kr.        |
| Rafmagn                         | 74.694 kr.           |
| Hugbúnaður                      | 268.569 kr.          |
| Fundur/fundarkostnaður          | 86.152 kr.           |
| Viðhald húsnæðis/húsakosts/príf | 41.635 kr.           |
| Vörukaup                        | <u>29.680 kr.</u>    |
|                                 | <u>6.325.414 kr.</u> |
| Mismunur                        | -111.061 kr.         |

**Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar**

Þverholt 2 • sími 525-6789 • [birna@mos.is](mailto:birna@mos.is)